

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Bólstaðarhlíðar- 80 hrepps“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 20. marz 20. marz 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps og er stofnaður í til-efni af aldarafmæli Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps árið 1942, jafnhliða því að félagið ákvað að stofna til Æfiskrár samkvæmt reglum, sem færðar eru í fundar-
arbók félagsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 9212.89 og tekjur hans allar minningargjafir í sambandi við Æfiskrána og vextir af þeim. Enn fremur aðrar gjafir, sem sjóðnum kann að hlotnast.

Til þess er ætlast, að aðrir sjóðir innan hreppsins geti starfað sem undirdeildir Framfarasjóðsins að ákveðnum verkefnum, ef þess er sérstaklega óskað og það löglega samþykkt.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja hvers konar verklegar og menningarlegar framfarir innan Bólstaðarhlíðarhrepps og þó einkum almennar búnaðarframkvæmdir og búnaðarframfarir.

4. gr.

Sjóðurinn starfar á þann hátt, að hann lánar fé sitt búnaðarfélaginu og öðrum félögum til framkvæmda þeirra mála, sem um getur í 3. gr. Einnig má í einstöku tilfellum veita einstaklingum slík lán, en þó því aðeins að þeir, að dómi sjóðstjórnarinnar ráðist í mikilsverðar framkvæmdir, sem teljast verða nauðsynlegar vegna félagsheildarinnar. Lánin eru veitt gegn 2% ársvöxtum og aldrei til lengri tíma en til 10 ára. Að öðru leyti semur stjórnin í hvert sinn um tryggingar og greiðslur.

Þess skal gætt að taka sem sanngjarnast tillit til hinna ýmsu framfara- og menningarmála.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps og fær hún þóknun fyrir starf sitt samkvæmt ákvæðum aðalfundar félagsins. Stjórnin heldur gerðabók sjóðsins og annast allan hag hans og rekstur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er endurskoðun reikninga hans framkvæmd af endurskoðanda hreppsreikningsins. Reikningarnir eru úrskurðaðir á aðalfundi Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps og skulu birtir í Búnaðarritinu.

7. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

80

20. marz

8. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins jafngildir öllu fasteignamatsverði þeirra tveggja jarða, sem hæst eru metnar innan Bólstaðarhlíðarhrepps, er stjórn sjóðsins heimilt að veita, að einhverju leyti verðlaun af afgangsfénu til einstakra manna fyrir afrek, sem gerð eru í anda þessarar skipulagsskrár.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef tveir aðalfundir Búnaðarfélags Bólstaðarhlíðarhrepps samþykkja það í röð, enda sé væntanlegra breytinga getið í fundarboði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

81

21. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík,
nr. 89 27. apríl 1945.

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi viðbót:

Þá skal og halda próf upp úr 2. bekk farmannadeildar í lok marz mánaðar ár hvert. Prófið skal haldið af kennurum skólans, og skal prófað í þessum námsgreinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipagerð.

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.

Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.

Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. marz 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.